

Fundur fjallskiladeildar Víðdælinga, haldinn að L – Ásgeirsá mánudaginn 13. ágúst 2012, kl. 13:30

Formaður setti fund og stjórnaði, Júlíus Guðni skrifaði fundargerð.

1. Unnið að niðurjöfnun gangna haustið 2012
2. Göngur hefjast þriðjudaginn 4. sept 2012. Þann dag fari þeir sem tilgreindir eru á hjólum í gangnaseðli af stað frá Hrapstöðum og smali fremsta hluta heiðarinnar. Rekstrarmenn fari af stað þann sama dag kl. 11:00. Allir aðrir gangnamenn fari með bíl kl 17 síðdegis. Að öðru leiti verði tilhögum gangna með hefðbundnum hætti og dagsetningar út frá því.
3. Framtalið fjallskilaskyldt búfé með tilliti til óska um breytingar frá vortalningu
Sauðfé 5.924 = 5.924 einingar
Hross 984 = 5.904 einingar
Alls 11.828
4. Gengið frá gangnaseðli til fjölföldunar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Marianna Eva Ragnarsdóttir(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).

Júlíus Guðni Antonsson(sign.),